



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
b.t. fjárlaganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 12. desember 2021

2112004SA GB
Málalýkill: 00.63

Efni: Umsögn um frv. til fjárlaga fyrir árið 2022

Vegna heimsfaraldrar kórónuveirunnar og haustkosninga hefur takturinn í framkvæmd laga um opinber fjármál riðlast töluvert. Á síðasta kjörtímabili var fjármálastefnu þannig breytt í tvígang, fyrra sinnið vegna falls Wow air og hið síðara vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar. Vegna hinnar miklu óvissu um efnahagsmál sem faraldurinn olli var ákveðið að fresta framlagningu fjármálaáætlunar fyrir árin 2021-2025 og leggja áætlunina fram samhliða fjárlagafrumvarpi 1. október 2020. Fjármálaáætlun 2022-2026 var vissulega lögð fram 1. apríl svo sem lög gera ráð fyrir en í ljósi þess hversu stutt var frá því áætlun 2021-2025 var samþykkt tók hin nýja áætlun eingöngu til hagstjórnarhlutverks hins opinbera en ekki voru settar fram nýjar áherslur í einstökum málefnasviðum.

Annað ráðuneyti Katrínar Jakobsdóttur tók við völdum 28. nóvember sl. Nýrri ríkisstjórn ber að leggja fram fjármálastefnu til næstu fimm ára og var stefna til árana 2022-2026 lögð fram þann 30. nóvember sl. samhliða fjárlagafrumvarpi næsta árs. Fjárlög skulu samþykkt fyrir lok ársins og er því ljóst að óvenju skammur tími gefst til umfjöllunar um frumvarpið. Fjárlagafrumvarpið byggir að stórum hluta á fjármálaáætlun eins og lög gera ráð fyrir og rammasett útgjöld frumvarps eru aðeins 15,9 ma.kr., eða 1,7% hærra en útgjöld fjármálaáætlunar reiknað á sama verðlagi. Þá er þess að vænta að áherslur nýrrar ríkisstjórnar og samkomulags milli þeirra flokka sem hana mynda muni koma fram við aðra umræðu um frumvarpið.

Í þessari umsögn er fyrst fjallað um fjármálastefnuna og síðan um fjárlagafrumvarpið og eftir atvikum er þar einnig horft til stefnumörkunar í sáttmála stjórnarflokkanna um stjórnarsamstarf.

Fjármálastefna 2022-2026

Það er rétt við núverandi aðstæður að „vaxa út úr vandanum“, þ.e. að reiða sig á sjálfvirka sveiflujöfnun fremur en að skera niður útgjöld eða hækka skatta. Engu að síður blasir við að útgjaldaaukning hins opinbera er gríðarleg og vandasamt verður að vinda ofan af henni án þess að grípa til umtalsverðra afkomubætandi aðgerða. Fjármálaeignum þeim sem kveðið er á um í 7. gr. laga um opinber fjármál hefur verið vikið til hliðar allt til ársins 2026. Var það gert í því skyni að beita mætti opinberum fjármálum í hagstjórnarskyni til að örva þjóðarbúskapinn og halda uppi atvinnu. Um er að ræða þrjár reglur:

1. Að heildarjöfnuður yfir fimm ára tímabil skuli ávallt vera jákvæður og árlegur halli ávallt undir 2,5% af landsframleiðslu.

2. Að heildarskuldir, að frátöldum lífeyrisskuldbindingum og viðskiptaskuldum og að frádregnum sjóðum og bankainnstæðum, séu lægri en nemur 30% af vergri landsframleiðslu.
3. Ef skuldahlutfall skv. 2. tölul. er hærra en 30% skal sá hluti sem umfram er lækka að meðaltali á hverju þriggja ára tímabili um a.m.k. 5% (1/20) á hverju ári.

Á næsta ári er miðað við að skuldir hins opinbera verði 41,5% af landsframleiðslu. Árið sem fjármálareglurnar taka gildi á ný, árið 2026, geta skuldir verið orðnar allt að 49,5%. Hætta er á að of snögg aðlögun hins opinbera að fjármálareglunum geti komið af stað samdrætti í þjódarþúskapnum. Gagnlegt hefði verið að sýna í fjármálastefnunni hvernig aðlögun opinberra fjármála að fjármálareglunum gæti komið út eftir 2026.

Fjármálareglum sveitarstjórnarlaganna var einnig vikið til hliðar til ársins 2026. Um er að ræða tvær reglur. Annars vegar er um að ræða afkomureglu, þar sem sveitarfélögum ber að hafa jafnvægi milli tekna og útgjalda samstæðu A - og B-hluta sveitarfélaga á hverju þriggja ára tímabili. Hins vegar er skuldaregla sem skyldar sveitarfélög til að halda skuldum og skuldbindingum samstæðu A - og B-hluta undir 150% af tekjum. Nú er viðbúið að rekstur einhverra sveitarfélaga kunnir að brjóta í bága við fjármálareglurnar árið 2026. Ekki liggur fyrir með hvaða hætti á að takast á við það, en nauðsynlegt kann að vera að veita framlög úr ríkissjóði til sveitarfélaga sem höllum fæti standa.


Samkomulag við sveitarfélög um afkomu og efnahag sveitarfélaga

Um samráð við sveitarfélög er fjallað í 11. gr. laga um opinber fjármál. Ráðherra er þar gert skylt að hafa formlegt og reglubundið samstarf við sveitarfélög um mótun fjármálastefnu og fjármálaáætlunar. Mælt er fyrir um að við mótun fjármálaáætlunar skuli ganga til samkomulags við Samband íslenskra sveitarfélaga f.h. sveitarfélaga um markmið í rekstri sveitarfélaga. Samkomulag var undirritað 30. september 2020, en áætlanir um afkomu og skuldir sveitarfélaga endurskoðaðar í lok nóvember 2021, eins og fram kemur í eftirfarandi töflu. Samkomulagið felur í sér að heildarafkoma sveitarfélaga batni úr því að nema -1,1% af landsframleiðslu í -0,4%. Skuldir sveitarfélaga hækka á sama tímabili úr 6,9% af landsframleiðslu í 8,5%. Samkomulag er um að skuldir hækki ekki frá 2026.


	2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024	Áætlun 2025	Áætlun 2026
Heildartekjur	401	431	461	487	510	533	556
Skatttekjur	315	341	365	386	404	423	443
Fjárframlög	40	40	42	45	47	50	52
Aðrar tekjur	46	51	53	56	58	60	62
Heildarútgjöld	428	467	491	512	530	549	572
Rekstrarútgjöld	405	439	463	484	505	525	547
Fastafjárútgjöld	23	29	28	28	25	24	25
Heildarafkoma	-27	-36	-30	-25	-20	-16	-16
Hlutfall af VLF, %	-0,9	-1,1	-0,8	-0,7	-0,5	-0,4	-0,4
Skuldir (skv. LOF)	179	223	261	293	320	344	369
Hlutfall af VLF, %	6,1	6,9	7,3	7,8	8,1	8,4	8,5

Tekjur ríkisins eru allajafnan mun næmari fyrir hagsveiflunni en tekjur sveitarfélaga. Samdráttur þjóðarbúskaparins vegna kórónuveirufaraldursins hafði ekki hvað síst áhrif á ferðapjónustu. Beinar tekjur sveitarfélaga af þeirri atvinnugrein eru takmarkaðar og miklu minni en ríkisins. Meðal annars af þeim sökum var tekjuþróun sveitarfélaga önnur en ríkisins í faraldrinum. Að sama skapi má ætla að tekjur ríkisins vaxi hratt með fjölgun ferðamanna og hraðar en tekjur sveitarfélaga.

Á röskum 40 árum, frá 1980 til 2020, sýna gögn hagstofu að heildarafkoma sveitarfélaga hefur verið neikvæð í 33 ár og jákvæð í aðeins 8 ár, síðast árið 2007. Hér er um að ræða mikilvæga vísbendingu um að rekstur sveitarfélaga sé ekki sjálfbær til lengri tíma litið. Árin sem skilað hafa jákvæðri heildarafkomu fyrir sveitarfélög einkennast af óhemju mikilli þenslu í íslenskum þjóðarbúskap. Þetta kemur fram í eftirfarandi mynd, en þar er heildarafkoman sýnd sem hlutfall af landsframleiðslu.



Rekstrarafkoma sveitarfélaga hefur farið versnandi yfir langt tímabil, eins og fram kemur í mynd hér á eftir. Þetta hefur haft í för með sér að fjárfestingargeta sveitarfélaga hefur minnkað umtalsvert og fjárfestingar sveitarfélaga dregist saman sem hlutfall af landsframleiðslu og einnig sem hlutfall af opinberum fjárfestingum.



Þetta eru vísbendingar um að rekstur sveitarfélaga kunni að vera ósjálfbær. Af þessum ástæðum var ráðist í gerð líkans um sjálfbærni fjármála sveitarfélaga og var fyrirtækið Analytica – fjárfestingar- og áhætturáðgjöf fengið til verksins. Verkefnið var fjármagnað á fjárukalögum fyrir árið 2020. Skemmst er frá því að segja að ein megin niðurstaðan er að áhöld eru um hvort sveitarfélög sem bera veruleg útgjöld vegna málefna fatlaðs fólks geti verið sjálfbær til lengri tíma. Afgerandi um sjálfbærni fjármála sveitarfélaga er vöxtur tekna og vaxtastig en einnig og þó í minna mæli skuldastaða. Samhliða þessu verkefni hefur Analytica í samvinnu við sambandið búið til líkan til greiningar og spár um þróun útsvarsstofns einstakra sveitarfélaga eftir atvinnugreinum og tegund tekna. Um er að ræða veflíkan sem sveitarfélög hafa aðgang að og hafa notað í nokkru mæli við gerð fjárhagsáætlana. Áform eru um að þróa þessi líkön áfram m.a. er varðar fjárfestingar, Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og tengsl við húsnæðisáætlanir sveitarfélaga.

Í fyrrnefndu samkomulagi ríkis og sveitarfélaga er kveðið á um verkefni sem aðilar hyggjast vinna að í sameiningu og miklu skipta um fjárhagslega sjálfbærni sveitarfélaga.

- Tekjustofnar sveitarfélaga og regluverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði tekin til endurskoðunar.
- Endurmat verði gert á útgjöldum til hjúkrunarþjónustu og annarrar þjónustu við aldraða.
- Þóknun til ríkisins vegna innheimtu útsvars í staðgreiðslu verði skoðuð.
- Metin verði þróun kostnaðar í þjónustu við fatlað fólk og lagt mat á kostnaðaráhrif laga- og reglugerðabreytinga.
- Kannað verði að færa Innheimtustofnun sveitarfélaga, sem í dag er rekin með framlögum frá jöfnunarsjóði, til Tryggingarstofnunar ríkisins.

Sambandið hefur væntingar um að þessi verkefni muni skila árangri fyrir sveitarfélög landsins og hið opinbera í heild.

Umfjöllun um einstaka málaflokka í fjárlagafrumvarpinu

Í upphafi umfjöllunar um einstaka málaflokka vill sambandið koma því á framfæri að það telur mikilvægt að fjárlaganefnd yfirfari niðurfellingu tímabundinna fjárheimilda í heild sinni. Sumar heimildirnar varða háar fjárhæðir, skipta öll sveitarfélög verulegu máli og eru því tilgreindar sérstaklega. Aðrar eru smærri að vexti og varða einstök verkefni sem þó geta skipt verulegu máli fyrir einstaka landshluta eða einstök sveitarfélög en ekki gefst tækifæri til að tilgreina þau öll í þessari umsögn. Vísast í því sambandi til umsagna landshlutasamtaka og einstakra sveitarfélaga við frumvarpið.

05 - Skatta-, eigna-, og fjármálaumsýsla

Eins og vikið er að í umfjöllun um samkomulag um opinber fjármál er gert ráð fyrir að skoða innheimtuþóknun sem sveitarfélög greiða til ríkisins fyrir innheimtu

útsvars í staðgreiðslu. Þessi þóknun verður skv. fjárlagafrumvarpi 1.340 m.kr. á næsta ári, sem er að mati sambandsins langt yfir raunverulegum kostnaði.

Þessu tengt þarf að bæta aðgengi sveitarfélaga að upplýsingum um á hverju útsvarsálagning er byggð. Það er mikilvægt til að sveitarfélög geti haft eðlilegt eftirlit með þessum skattstofni sínum, geti lagt mat á það hvort líklegt sé að tekjur skili sér o.s.frv. Einnig telur sambandið vera tilefni til sérstaks átaks til að bæta skattheimtu og nýtingu bóta. Ríki og sveitarfélög ættu að taka höndum saman, í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd þess verkefnis.

Í sáttmála hinnar nýju ríkisstjórnar er sérstaklega vikið að fjármagnstekjum og útsvari. Segir þar á bls. 49:

Enn fremur verður regluverk í kringum tekjutilflutning tekið til endurskoðunar til að tryggja að þau sem hafa eingöngu fjármagnstekjur reikni sér endurgjald og greiði þannig útsvar.

Fagna má þessum áformum, en bent skal á að vanda þarf mjög til verka við endurskoðun á þessu regluverki.

Sveitarfélögin kalla eftir því að tímabundin hækkun á endurgreiðslum virðisaukaskatts af launakostnaði í áttakinu „Allir vinna“ úr 60% í 100% verði framlengd til loka árs 2022. Átakið hefur sannarlega leitt til atvinnusköpunar og jafnframt spornað gegn svartri atvinnustarfsemi sem skilar sér í auknu útsvari til sveitarfélaga og tekjuskatts til ríkisins. Einnig kalla sveitarfélög eftir því að endurgreiðsluheimild VSK fyrir sveitarfélög verði framlengd til sama tíma til að auka svigrúm sveitarfélaga til að fara í framkvæmdir og skapa atvinnu.

Áhersluatriði sambandsins varðandi skattamál

Þóknun ríkisins vegna innheimtu útsvars verði endurskoðuð og kostnaður við innheimtuna metinn.

Bæta þarf aðgengi sveitarfélaga að upplýsingum um á hverju útsvarsálagning er byggð.

Ráðast þarf í sameiginlegt átak ríkis, sveitarfélaga og atvinnulífs til að bæta skattheimtu og nýtingu bóta.

Tímabundin hækkun á endurgreiðslum virðisaukaskatts af launakostnaði í áttakinu „Allir vinna“, úr 60% í 100%, verði framlengd til loka árs 2022.

06 - Hagskýrslugerð og grunnskrár

Undir þennan lið heyra þrjár stofnanir þ.e. Hagstofa Íslands, Þjóðskrá Íslands og Landmælingar Íslands og eitt verkefni þ.e. málefni upplýsingatækni og stafrænnar þjónustu í ríkisrekstri.

Sambandið fagnar áformum um fjárveitingar til Hagstofu Íslands vegna vinnslu tölfraði um Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Mörg sveitarfélög hafa lagt mikinn metnað við innleiðingu heimsmarkmiða í starfsemi sinni. Skortur á áreiðanlegri tölfraði og mælikvörðum niður á einstök sveitarfélög hefur reynst töluverður þröskuldur. Ágætt samstarf hefur verið við hagstofuna um þessi mál, en

fjárskortur hefur hamlað vinnslu ýmissa gagna. Þess er vænst að auknar fjárheimildir hagstofu á þessu sviði muni bæta verulega úr skorti á mælingum fyrir heimsmarkmiðin fyrir sveitarfélög. Sambandið telur einnig brýnt að bæta tölfraði um fræðslumál, félagsþjónustu, húsnæðismál, umhverfismál og að sjálfsögðu um stöðu fjármála sveitarfélaga.

Jákvætt er að gert er ráð fyrir sérstakri fjárheimild til vinnslu landeignaskrár en á sama tíma er mikill samdráttur í almennum fjárheimildum Þjóðskrár. Sambandið hefur áður gert alvarlegar athugasemdir við fjármögnun stofnunarinnar, sem sveitarfélögin fjármagna að hluta með greiðslu fasteignamatsgjalds. Athygli er vakin á því að gjaldið rennur í ríkissjóð en á að renna beint til stofnunarinnar, sbr. lög um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um markaðar tekjur, nr. 47/2018. Afar mikilvægt er að bætt verði úr þannig að Þjóðskrá geti sinnt sínum lögbundnu verkefnum og unnið að framþróun sinna kerfa.

Í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um afkomu og efnahag sveitarfélaga er kveðið á um aukið samstarf um umbætur í opinberri starfsemi og eflingu stafrænnar þjónustu, m.a. í samræmi við þingsályktun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019 – 2033.

Áhersla er þar lögð á hagnýtingu upplýsingatækni innviða sem byggðir hafi verið upp og þekkingu á stafrænum lausnum hins opinbera. Unnið hefur verið að þróun lausna inn á Island.is og var vinnan fjármögnuð með framlögum af fjárákaldögum í fyrra, alls 100 m.kr. Víðtækt samráð hefur verið milli sveitarfélaga um stafrænar lausnir og fjölmörg verkefni eru fyrirhuguð á næsta ári.

Halda þarf áfram þróun sveitarstjórnarstigsins á miðlægu þjónustugáttinni Ísland.is, nýtingu umboðskerfis, gagnanýtingu í gegnum straumsins (x-road) fyrir þjónustur sveitarfélaga og nýtingu sameiginlegs rafræns pósthólfs á Island.is sem stefnt er að verði miðlæg þjónustugátt hins opinbera. Tryggja þarf áframhaldandi fjármagn til þessara verkefna.

Áhersluatriði sambandsins varðandi hagskýrslugerð

Fagnar auknum fjárheimildum til vinnslu tölfraði um Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Auka þarf fjármagn til að hægt sé að bæta tölfraðivinnslu varðandi fjölmarga málaflokka er varða sveitarfélög.

Endurskoða þarf tekjugrunn Þjóðskrár þannig að stofnunin geti sinnt lögbundnum verkefnum sínum.

Lögð er áhersla á að áfram verði stutt við stafræna umbreytingu hjá sveitarfélögum með sérstöku fjárframlagi og gott samstarf við ríkið um áframhaldandi þróun.

Tryggja þarf áframhaldandi fjármagn til stafrænar þróunar sveitarfélaga.

07- Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar

Ánægjulegt er að sjá að verið sé að auka fjármuni til nýsköpunar og þróunar. Í því samhengi vill sambandið þó nefna að nokkuð hefur borið á því að verkefni á landsbyggðinni eigi erfiðara með að fá framgang inn í stóru styrktar- og fjárfestingasjóðina. Til að bregðast við þessu setti þáverandi ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra á fót [Lóu – fjárfestingastyrki fyrir landsbyggðina](#) þar sem 100 m.kr. var úthlutað sérstaklega til nýsköpunarverkefna utan höfuðborgarsvæðisins. Verkefnisins er ekki sérstaklega getið á fjárlögum en það er fjármagnað af safnlið ráðuneytisins. Hér er um mikilvægt verkefni að ræða og óskar sambandið eftir því að fjárlaganefnd skoði hvort ástæða sé til að auka fjármagn til verkefnisins og jafnvel tryggja því sérgreinda fjármögnun á fjárlögum. Verkefnisins er sérstaklega getið í stjórnarsáttmálanum þar sem segir að haldið verði áfram að styrkja uppbyggingu nýsköpunar á landsbyggðinni með Lóu – nýsköpunarstyrkjum.

Áhersluatriði sambandsins varðandi nýsköpun

Fjármagn til „Lóu – fjárfestingarstyrkir fyrir landsbyggðina“ verði tryggt.

08 – Sveitarfélög og byggðamál

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að tímabundið 100 m.kr. framlag til sóknaráætlana landshluta verði ekki framlengt. Þá er aðhaldskrafa á málaflokkinn sem líklega gerir það að verkum að föst framlög til sóknaráætlana lækka. Sóknaráætlanirnar gegna afar mikilvægu hlutverki fyrir alla landshluta og byggðapróun í landinu. Mikilvægi þeirra er viðurkennt í stjórnarsáttmálanum en þar er sérstaklega tiltekið að áfram verði unnið að eflingu sóknaráætlana. Það skýtur því skökku við að ekki séu settir auknir fjármunir í verkefnið. Sambandið leggur mikla áherslu á að auknum fjármunum verði varið til sóknaráætlana landshlutanna. Best væri að föst framlög yrðu hækkuð varanlega en annars að lágmarki að tímabundið 100 m.kr aukafjármagn verði framlengt. Þá verði tillaga til þingsályktunar um stefnumarkandi byggðaáætlun 2022-2026 lögð fram á Alþingi og samþykkt sem fyrst.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 1. október 2020 kom fram að ríkið greiði viðbótarframlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til að styðja við sameiningu sveitarfélaga á þriggja ára tímabili. Horfur er á að sameiningarframlög verði í kringum 900 m.kr. á næsta ári en þar af greiðir ríkissjóður 285 m.kr. Þörf er á að hækka framlag ríkisins umtalsvert strax á næsta ári jafnframt því að tryggja að í fjármálaáætlun verði gert ráð fyrir stuðningi ríkisins við sameiningu sveitarfélaga á næstu árum.

Fjárheimild Skipulagssjóðs lækkar að raungildi á milli ára þar sem framlög eru skipulagsgjalds er vanmetin í frumvarpinu, sennilega um nærri 40 m.kr. Til að endurspeglar áherslur í þingsályktunartillögu um viðauka við landsskipulagsstefnu þarf jafnframt að hækka fjárheimildina umtalsvert til að standa straum af kostnaðarþátttöku ríkisins í gerð aðal- og svæðisskipulags, gerð landsskipulagsstefnu, smíði skipulagsgáttar og rannsóknar- og þróunarverkefna á sviði skipulagsmála. Loks er óleyst hvernig á að kosta gerð næstu

strandsvæðisskipulagsverkefna, en það var gert með skipulagssjóðnum á grundvelli bráðabirgðaákvæðis í lögum um skipulag haf- og strandsvæða fyrir fyrstu verkefni á Austfjörðum og Vestfjörðum. Til frekari áréttingar þá var innheimt skipulagsgjald 2020 651 m.kr. og ekki útlit fyrir annað en það verði af þeirri stærðargráðu næstu ár.

Áhersluatriði sambandsins varðandi sveitarfélög og byggðamál

Auknum fjármunum verði varið til sóknaráætlana landshlutanna.

Byggðaaætlun fyrir árin 2022 – 2026 verði samþykkt sem fyrst á Alþingi.

Viðbótarframlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til að styðja við sameiningu sveitarfélaga verði tryggt.

Hækka þarf fjárheimildir Skipulagssjóðs.

11 – Samgöngu- og fjarskiptamál

Framlag til samgöngumála dregst verulega saman þar sem fjárfestingarátaki ríkisstjórnarinnar er að hluta til að ljúka. Ljóst er þó að áfram er veruleg þörf á fjárfestingu í samgöngumálum og varhugavert að draga saman í þessum málaflökki. Athygli skal vakin á að í stjórnarsáttmálanum segir að haldið verði áfram uppbyggingu og viðhaldi á samgöngukerfinu til að auka öryggi fólks á vegum úti, stytta ferðatíma og draga úr útblæstri í samræmi við loftslagsmarkmið. Gæta þarf því sérstaklega að því að málaflökurinn sé fjármagnaður með fullnægjandi hætti.

Hvað einstök verkefni varðar gerir sambandið athugasemdir við að sérstakt 2,6 ma.kr framlag vegna breikkunar einbreiðra brúa falli niður. Áfram virðist þó gert ráð fyrir því verkefni sem áhersluverkefni í fjárlagafrumvarpinu þar sem segir að unnið verði að fækkun einbreiðra brúa á Hringvegi í samræmi við fjárfestingaráttak, m.a. Núpsvötn, Stóra Laxá á Skeiða og Hrunamannavegi og Skjálfafljót á Hringvegi hjá Fosshóli við Goðafoss. Mikilvægt er að tryggja að þessi verkefni séu fjármögnuð.

Þá minnir sambandið á að viðræðum er að ljúka milli Vegagerðarinnar og einstakra sveitarfélaga um yfirfærslu veghalds tiltekinna þjóðvega í þéttbýli. Fyrir liggur vönduð skýrsla um ástand þessara vega og er ljóst að þörf er á sérstakri fjárheimild til Vegagerðarinnar til að ljúka þessu máli, sem á sér sögu allt aftur til setningar vegalaga árið 2007.

Sambandið bendir á að ekki sér þess stað í frumvarpinu hvort ríkisstyrkur vegna eflingar almenningsamgangna, þ.e. annars vegar almenn framlög til almenningsamgangna innan og milli landshluta og hins vegar skv. samgöngusamningi við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, verði framlengdur til næsta árs og óskar upplýsinga þar um.

Áhersluatriði sambandsins varðandi samgöngumál

Tryggt sé að fjármögnun til uppbyggingar og viðhalds í samgöngumálum sé fullnægjandi.

*Fjármagna þarf samninga yfirfærslu veghalds þjóðvega í þéttbýli.
Ríkisstyrkur til eflingar almenningssamgangna verði framlengdur.*

14 – Ferðaþjónusta

Þau tímabundnu framlög sem samþykkt voru vegna Covid-19 eru öll að falla niður í þessum málaflokki en þau snertu bæði rannsóknir og innviðauppbýggingu. Fyrir Covid-19 var uppsöfnuð þörf fyrir fjárfestingu í málafloknum m.a. í uppbyggingu innviða orðin veruleg. Forsendur fjárlaga gera ráð fyrir mikilli fjölgun ferðamanna næstu ár og því mikilvægt að nýta tækifæri á meðan ferðaþjónustan er að ná sér á strik aftur til að byggja upp nauðsynlega innviði, í samræmi við áherslur í stjórnarsáttmála um að byggja upp ferðaþjónustu í sátt við umhverfið. Ljóst er að framlög til málefna sviðsins skerðast umtalsvert nái frumvarpið fram að ganga óbreytt og kann m.a. að vera ástæða til að endurskoða skerðingu framlaga til rannsókna á þróun og áhrifum ferðaþjónustu.

Áhersluatriði sambandsins varðandi ferðaþjónustu

Fjármögnun nauðsynlegrar innviðauppbýggingar og rannsókna í ferðaþjónustu sé tryggð.

17 – Umhverfismál

Mörg brýn áhersluverkefni koma fram í þessum málaflokki og er ánægjulegt að sjá að a.m.k. sum þeirra eru ágætlega fjármögnuð, sem styður vel við þá stefnumótun sem fyrir liggur í málafloknum, s.s. á sviði loftslagsmála, náttúruverndar og úrgangsmála.

Varðandi lið 17.2 um vöktun náttúrusvæða telur sambandið mikilvægt að ná inn sem varanlegri hækkun 48 m.kr. framlagi til verkefna náttúrustofa, sem bætt var inn við 2. umræðu um fjárlög fyrir árið 2021.

Um Ofanflóðasjóð er fjallað í lið 17.4. Gert er ráð fyrir að fjárheimild til málaflokksins verði 2.689,9 m.kr. og helst óbreytt frá gildandi fjárlögum sem er jákvætt. Svigrúm væri þó til að hækka þessa fjárheimild umtalsvert þar sem gert er ráð fyrir að ofanflóðasjóðsgjald skili 3.807 m.kr. í tekjur í ríkissjóð. Munar þar 1.117,1 m.kr.

Áhersluatriði sambandsins varðandi umhverfismál

Nauðsynlegt er að hækka framlag til náttúrustofa.

Mikilvægt að viðhalda og helst hækka fjárheimild til Ofanflóðasjóðs.

20 – Framhaldsskólar

Samráðsnefnd um endurskoðun á samkomulagi um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun til tónlistarnáms skilaði úttekt sinni í apríl sl. Í úttektinni kemur fram að samráðsnefndin sé einhuga um að mikilvægt sé að við endurnýjun

samkomulagsins verði framlag til tónlistarfræðslu hækkað um 8,5% árið 2022, sem er um 50 m.kr. hækkun grunnframlags. Gerði nefndin ráð fyrir að þar af yrðu um 14 m.kr. vegna almennrar verðlagsuppfærslu fjárlaga en nýtt fjármagn næmi 35 m.kr. Dregist hefur að ganga formlega frá nýju samkomulagi, sem skýrist einkum af því að kosið var til Alþingis í september.

Með vísan til framangreinds óskar sambandið eftir því við fjárlaganefnd að hún hækki fjárframlög til samningsins fyrir næsta ár svo unnt verði að ganga frá endurnýjuðu samkomulagi um tónlistarfræðslu.

Áhersluatriði sambandsins varðandi

Framlag vegna samkomulags um stuðning við tónlistarnám verði hækkað um 35 m.kr.

22 – Önnur skólastig (leik- og grunnskólar) og stjórnýsla mennta- og menningarmála

Kallað hefur verið eftir umbótum í menntakerfinu og fyrir liggja vel rökstudd álit í mörgum tiltölulega nýlegum skýrslum. Má þar nefna úttekt Evrópumíðstöðvar á opinberri menntastefnu, tillögur starfshóps um menntun barna og ungmenna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn, aðgerðaáætlun um nýliðun kennara og tillögur starfshóps um styrkingu leikskólastigsins. Þá var þingsályktun um menntastefnu 2021-2030 samþykkt á síðasta þingi og fyrsta aðgerðaáætlun á grundvelli hennar gefin út í september sl. Loks má nefna áherslur í stjórnarsáttmála um menntamál.

Það gefur auga leið að ef hrinda á verkefnum stjórnarsáttmálans, fjárlagafrumvarpsins, menntastefnunnar og fyrrgreindra skýrslna í framkvæmd þarf að koma aukið fjármagn inn í málaflökkinn. Til að byrja með mætti t.d. auka fjármagn til stuðnings við börn af erlendum uppruna og til námsgagnagerðar en bæði verkefni eru nefnd í stjórnarsáttmálanum, fjárlagafrumvarpinu og fyrstu aðgerðaáætlun með menntastefnu. Úrbætur í þessum málefnum þola enga bið.

Leikskólamálin hafa einnig verið mikið til umræðu á vettvangi sveitarfélaga og ljóst er að ef ráðast á í þau verkefni sem tilgreind eru í nýlegri skýrslu um styrkingu leikskólastigsins mun þurfa verulega fjárhagslega innspýtingu í málaflökkinn. Að lágmarki þarf nú þegar að tryggja fjármagn til að áfram sé hægt að vinna að fjölgun leikskólakennara og að brúa bil milli fæðingarorlofs og leikskóla en bæði verkefni eru sérstaklega tilgreind í stjórnarsáttmálanum. Mikilvægt er að formlegar viðræður hefjist sem fljótt um útfærslu og fjármögnun leikskóla frá 12 mánaða aldri.

Áhersluatriði sambandsins varðandi menntamál

Það er bráðnauðsynlegt að auka fjármagn til málefnasviðsins sem er í fjársvelli.

Fjármagna þarf með fullnægjandi hætti menntastefnu 2030 sem Alþingi hefur samþykkt.

Lögð er áhersla á aukið fjármagn til verkefna til stuðnings börnum af erlendum uppruna.

Brýnt er að auka án tafar fjármagn til námsgagnagerðar.

Tryggja þarf áframhaldandi fjármagn til átaks til fjölgunar kennara.

Taka þarf upp viðræður um útfærslu og fjármögnun svo hægt verði að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla.

24, 25 og 28 - Heilbrigðisþjónusta, hjúkrunarþjónusta og málefni aldraðra

Það eru mikil vonbrigði að fjárlagafrumvarpið endurspegli hvorki gefin loforð um fjármögnun hjúkrunarheimila né nýjan stjórnarsáttmála en þar segir að þróa verði heilbrigðiskerfið í takt við breytta samsetningu þjóðarinnar, mönnunarþörf og lífsstíllssjúkdóma.

Þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir 2 ma. kr. hækkun til hjúkrunarheimila þá nægir það ekki þar sem verulega virðist vera skorið niður á móti. Þá vantar jafnframt inn fjármagn til að mæta stórum kostnaðarliðum hjúkrunarheimila. Þar skal helst nefna að þar er ekki að finna milljarð sem bætt var inn í daggjaldið í sumar í fjárukalögum til að afstýra neyðarástandi í rekstri heimilanna. Í því samhengi má benda á að vinnuhópur um framhaldsgreiningu á svonefndri „Gylfaskýrslu“ kom sér saman um að árið 2019 hefði vantað inn 1 milljarð til að viðhalda þjónustustiginu. Þá er ekki að sjá í frumvarpinu að kostnaður hjúkrunarheimilanna vegna „Betri vinnutíma“ vaktafólks sé bættur. Auk þessara þátta má nefna að það virðist langt frá því að nægt tillit sé tekið til aukinnar hjúkrunarþyngdar, útlagakostnaðar eða verðlags- og launahækkana.

Reynist ofangreint rétt þá boðar fjárlagafrumvarp 2022 í raun stórfelldan niðurskurð á rekstri og þjónustu hjúkrunarheimila landsins.

Að öðru leyti vísar sambandið til ítarlegrar umsagnar Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu.

Gert er ráð fyrir auknum fjárheimildum vegna aukinnar eftirspurnar eftir sjúkraþjálfun en hvergi er minnst á aukningu vegna talmeinaþjónustu við börn. Biðlistar eftir þjónustu talmeinafræðinga hafa lengst úr hófi fram og leysa þarf úr ágreiningi Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og starfandi talmeinafræðinga svo börn þessa lands fái viðhlítandi þjónustu. Ljóst er að ákvæði í rammasamningi SÍ við talmeinafræðinga vinnur gegn markmiðum viljayfirlýsingar sem skrifað var undir 7. sept. 2018 um aukið samstarf í þágu barna. Gera þarf breytingar á rammasamningnum þannig að talmeinafræðingar geti strax að loknu námi orðið aðilar að honum og þar með veitt börnum með alvarlegar málþroskaraskanir þjónustu.

Jákvætt er að auka framlög til geðheilbrigðisþjónustu en forsenda þess að framlögin nýtist þar sem þörfin er mest er að gerð verði heildarúttekt á umfangi og

framkvæmd geðheilbrigðisþjónustu á Íslandi eins og fram kemur í umsögn Geðhjálpár.

Áhersluatriði sambandsins varðandi heilbrigðisþjónustu

Verði frumvarpið samþykkt í óbreyttri mynd leiðir það af sér stórfelldan niðurskurð á rekstri og þjónustu hjúkrunarheimila landsins. Verulega þarf að bæta í fjármögnun

þessa sviðs sem hefur verið fjársvelt um árabíl.

Nauðsynlegt er stytta biðlista eftir þjónustu talmeinafræðinga og gera breytingar á rammamningi SÍ við talmeinafræðinga.

Gera þarf heildarúttekt á umfangi og framkvæmd geðheilbrigðisþjónustu á Íslandi til að nýta fjármuni sem best.

27 – Örorka og málefni fatlaðs fólks

Unnið er að heildstæðri greiningu á kostnaðarþróun í málefnum fatlaðs fólks á tímabilinu frá 2017-2021. Vinnan hingað til hefur skilað áreiðanlegum vísbendingum um að í kjölfar nýrra og breyttra laga árið 2018 hafi útgjöld sveitarfélaga til þjónustunnar vaxið hratt og langt umfram almenna launa – og verðlagsþróun. Mjög áriðandi er að bregðast við þessari þróun þannig að rekstur þjónustunnar verði sjálfbær til framtíðar. Snúa verður af þeirri braut sem einkennist af stjórnlitlum útgjaldavexti sem skýrist að töluverðum hluta af ófullkominni lagasetningu um málaflokkinn og tilvist grárra svæða í velferðarþjónustu.

Við meðferð frumvarps þess sem varð að lögum nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir bentu sveitarfélögin á mörg álitafni sem væru til þess fallin að draga úr hagkvæmni og skilvirkni þegar fötluðu fólki er veitt þjónusta. Meðal þeirra er:

- Óskýrleiki hvað varðar markmið með lagasetningunni, einkum hvað varðar innleiðingu á ákvæðum Samnings SP um réttindi fatlaðs fólks.
- Áhersla á réttindi notenda dregur úr svigrúmi opinberra aðila til þess að skipuleggja þjónustu á hagkvæman hátt.
- Einstaklingsmiðun dregur úr samlegðaráhrifum þegar þjónusta er veitt.
- Grá svæði í samspili milli fötlunarþjónustu og annarra geira í velferðarkerfinu, einkum heilbrigðisþjónustunnar, stuðlar að stöðugri fjölgun í notendahópnum sérstaklega á þyngri endanum.
- Fjölbættur vandi og samsettar stuðningsþarfir, einkum hjá börnum, setja verulegan þrýsting á félagsþjónustu sveitarfélaga.
- Innbyggðir veikleikar eru í jöfnunarkerfinu og þeim matstækjum sem notuð eru til útdeilingar á fjármagni.

Þá liggur fyrir, eins og staðfest var í endurmati á yfirfærslu þjónustunnar frá ríki til sveitarfélaga, að svokölluð nærþjónustuáhrif eru útgjaldahvetjandi.

Birtingarmyndin hér er að væntingar notenda um þjónustustig vegi þyngra þegar ákvarðanir eru teknar í nærumhverfi notenda en þegar skipulag þjónustunnar liggur miðlægt.

Í sáttmála ríkisstjórnarinnar er kveðið á um að tryggja þurfi jafnræði í þjónustu við fatlað fólk m.a. með samráði ríkis og sveitarfélaga um endurmat á kostnaði í málaflöknum. Sambandið leggur megináherslu á ábyrgð löggjafans þegar kemur að því að bæta úr þeirri stöðu sem upp er komin. Endurskoðun á gildandi lögum, sem reiknað er með að Alþingi taki til umfjöllunar á næsta ári, verður að hljóta vandað kostnaðarmat. En fjárveitingavaldið verður jafnframt að bæta sveitarfélögnum þann útgjaldaauka sem þau hafa þegar tekið á sig vegna árána 2019-2021 og mun að óbreyttu halda áfram á komandi ári.

Í sáttmála ríkisstjórnarinnar er þess getið að festa eigi í sessi framtíðarskipulag NPA-þjónustu og er því sérstaklega kallað eftir nauðsynlegum breytingum á frumvarpi til fjárlaga 2022 vegna NPA. Í nýrri stjórnýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á þjónustu við fatlað fólk samkvæmt lögum nr. 38/2018, lýtur ein af fjórum megin tillögum til úrbóta að fjármögnun NPA samninga. Ríkisendurskoðun telur að skýra þurfi fyrirkomulag fjármögnunar NPA samninga þannig að ákvæði laganna verði uppfyllt og að NPA samningar verði ekki háðir fyrirvörum vegna óvissu um fjármögnun. Þá þurfi afgreiðsluferli félagsmálaráðuneytis að vera gagnsætt og skilvirkt og sveitarfélög upplýst um afstöðu til samninga hverju sinni. Sérstök athygli fjárlaganefndar er vakin á því að tímabundin 300 m.kr. fjárheimild til að fjölga NPA samningum er felld niður í fjárlagafrumvarpinu.

Sambandið kallar eindregið eftir því að við afgreiðslu fjárlaga fyrir 2022 verði búin til áætlun og gert verkaskiptasamkomulag milli ríkis og sveitarfélaga sem taki til þriggja ára (2022-2024) um fjármögnun, ábyrgð og verkaskiptingu við áframhaldandi innleiðingu NPA. Bráðabirgðaákvæði í lögum um verkefnið verði framlengt sem þessu nemur og horft til þess hvernig þjónustuformið er að þróast í nágrannalöndum, einkum Noregi. Óhjákvæmilegt er að bæta verulegum fjármunum við útgjaldaramma félagsmálaráðuneytisins á málefnaviði 27.3 til þess að standa undir skyldum ríkisins við framkvæmd NPA. Einnig þolir það enga bið að tryggja fjármögnun þjónustu við börn með fjölþættan vanda.

Þá hvetur sambandið fjárlaganefnd til að skoða sérstaklega hvort ástæða sé til að [framlengja tímabundnar fjárheimildir](#) svo áfram verði hægt að styðja sérstaklega við fatlaða einstaklinga vegna Covid-19.

Áhersluatriði sambandsins varðandi fatlað fólk

Bæta verður sveitarfélögnum þann útgjaldaauka í málefnum fatlaðs fólks sem þau hafa þegar tekið á sig vegna árána 2019-2021 og mun að óbreyttu halda áfram á komandi ári.

Bæta verður verulegum fjármunum við útgjaldaramma félagsmálaráðuneytisins á málefnaviði 27.3 til þess að standa undir skyldum ríkisins við framkvæmd NPA og

fjármagna þjónustu við börn með fjölþættan vanda.

Skoða þarf að framlengja tímabundnar heimildir í málaflöknum vegna Covid-19.

29 – Fjölskyldumál

Í fjárlögum er tryggt fjármagn við innleiðingu farsældarlaganna á árinu 2022. Farsældarlögin leggja auknar skyldur á herðar sveitarfélaga við veitingu fyrsta og annars stig þjónustu í þágu barna sem krefst þess einnig að sveitarfélög hafi upp á að bjóða úrræði sem teljast til 1. og 2. stig. Mörg sveitarfélög hafa þurft að fjármagna að fullu úrræði á 3. stigi, vegna barna með fjölþættan vanda, sem eiga að vera á ábyrgð ríkisins. Ef sveitarfélögin eiga að geta veitt þá þjónustu sem farsældarlögin krefjast af þeim verður ríkið að bæta úr því úrræðaleyfi og grípa til aðgerða í málefnum barna með fjölþættan vanda.

Sambandið leggur áherslu á að gert verði formlegt verka- og kostnaðarskiptasamkomulag um aðgerðir í þágu barna með fjölþættan vanda. Samkomulagið verði með aðild ráðuneyta félags-, heilbrigðis- og menntamála auk sambandsins. Fjármála- og efnahagsráðuneytið og innviðaráðuneyti eigi einnig aðild að samkomulaginu. Samkomulagið hafi það markmið að skapa umgjörð um samþætta og samfellda þjónustu á þriðja og efsta stigi innan þeirra þjónustukerfa sem koma að málum þessa fámenna hóps barna og fjölskyldna þeirra.

Þá ítrekar sambandið fyrri athugasemdir við framsetningu fjárveitinga til málefna flóttafólks m.a. um að liðir sem lúta að endurgreiðslu fjárhagsaðstoðar séu ekki uppfærðir með tilliti til útgjaldaþróunar. Eindregið er kallað eftir því að upplýst verði við meðferð fjárlagafrumvarpsins hvornig áformað er að ráðstafa útgjaldasvigrúmi þess árs með tilliti til þeirra verkefna sem sveitarfélögin sinna, þ.e.:

- Samræmd móttaka flóttafólks, samkvæmt samningum félagsmálaráðuneytisins við sveitarfélög.
- Endurgreiðsla á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga skv. 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.
- Önnur verkefni svo sem við móttöku kvótaflóttafólks utan við samræmda móttöku.

Sambandið leggur áherslu á að sérgreina þarf fjárheimildir til allra framangreindra verkefna til að taka af vafa um að þjónusta sé fjármögnuð. Sérstök ástæða er til þess að tryggja gegnsæi og aðgreiningu í fjárveitingum til viðfangsefna í ljósi þeirra ráðagerða að flytja þjónustu við hælisleitendur frá Útlendingastofnun til félagsmálaráðuneytisins.

Sambandið áskilur sér rétt til þess að koma athugasemdum og tillögum á framfæri um fjárveitingar skv. málefnasviði 29.7 þegar upplýsingar liggja fyrir um áformaða ráðstöfun á útgjaldaramma komandi árs.

Þá er hér einnig rétt að benda á að í tengslum við Covid-19 var ráðist í fjölbreyttar félagslegar aðgerðir sem margar heppnuðust afar vel og studdu við viðkvæma hópa s.s. börn af tekjulægri heimilum, aldraða, fatlað fólk og börn af erlendum uppruna. Fyrirséð er að áhrif Covid-19 á þessa hópa munu vara áfram og því er að

mati sambandsins nauðsynlegt að styðja áfram sérstaklega við þá. Sambandið leggur því áherslu á að settir verði fjármunir í að styrkja stöðu barna í viðkvæmri stöðu. Í fyrra var t.d. varið 7,5 m.kr. til að styðja fjárhagslega við sveitarfélög til að auka frístundastarfsemi og 900 m.kr. til að styðja börn á tekjulægri heimilum til að stunda íþrótt- og tómstundastarf. Rímar sú áhersla vel við stjórnarsáttmálann þar sem tiltekið er að rík áhersla verði lögð á stuðning við börn af erlendum uppruna og fölskyldur þeirra, m.a. gegnum skóla- og frístundastarf. Þá var 75 m.kr. varið til að styðja sérstaklega við félagsstarf aldraða.

Áherslur sambandsins varðandi fjölskyldumál

Gert verði formlegt verka- og kostnaðarskiptasamkomulag um aðgerðir í þágu barna með fjölpættan vanda.

Mikilvægt er að auka gagnsæi í framsetningu fjárheimilda til málefna flóttafólks og hælisleitenda og að endurgreiðsla fjárhagsaðstoðar til sveitarfélaga sé í samræmi við útgjaldapróun. Skýra þarf hvernig útgjaldasvigrúm verði varið með tilliti til þeirra verkefna sem sveitarfélögin sinna.

Framlengja þarf tímabundnar heimildir er studdu viðkvæma hópa s.s. börn af tekjulægri heimilum, aldraða, fatlað fólk og börn af erlendum uppruna vegna áhrifa Covid-19.

30 - Vinnumarkaður og atvinnuleysi

Þótt þjóðarbúskapurinn hafi tekið við sér og atvinnuleysi minnkað er faraldrinum ekki lokið og ekki útséð um efnahagsleg áhrif. Atvinnuleysi hefur vissulega lækkað hratt, en er áfram hátt í sögulegu samhengi. Sambandið telur að áfram sé þörf á að styðja sérstaklega við vinnumarkaðinn t.d. með því að framlengja verkefnið „Nám er tækifæri“ í eitt ár og bjóða upp á aukna möguleika til ráðningarstyrkja. Þá sé einnig rétt að gera ráð fyrir sérstöku átaki varðandi sumarstörf fyrir námsmenn á næsta ári. Leggja verður þunga áherslu á að koma í veg fyrir að langtímaatvinnuleysi aukist og því nauðsynlegt að fjárfesta áfram í aðgerðum á þessu sviði. Sambandið leggur því áherslu á að gert verði ráð fyrir fjármunum til að viðhalda fyrrgreindum vinnumarkaðsaðgerðum.

Áherslur sambandsins varðandi vinnumarkaðsmál

Skoða þarf að framlengja sérstök úrræði til að draga úr atvinnuleysi s.s. „Nám er tækifæri“, ráðningarstyrki og átak vegna sumarstarfa fyrir námsmenn.

31 - Húsnæðisstuðningur

Framlög samkvæmt frumvarpi til fjárlaga 2022 til húsnæðisstuðnings (húsnæðisbóta, stofnframlaga o.fl.) eru í samræmi við þau sjónarmið sem sambandið hefur lagt áherslu á að lögð séu til grundarvallar, þ.e. að útgjöld til opinbers húsnæðisstuðnings fylgi lýðfræði, búsetuþróun og þörfum þeirra hópa sem standa höllum fæti á húsnæðismarkaði. Þar er mikilvægt að mati sveitarfélaga að forgangsraða fjármunum í þágu uppbyggingar fjölbreyttra búsetukosta fyrir fatlað fólk og eldri íbúa.

Langur framkvæmdatími og tafir við útfærslu skipulags og áætlana virðast hafa leitt til þess að nokkrar eftirstöðvar hafi safnast upp vegna stofnframlaga af hálfu ríkisins, einkum á árinu 2021. Að mati sambandsins er fyllsta ástæða til þess að eyrnamerkja þessar eftirstöðvar átaki á árinu 2022 í uppbyggingu úrræða fyrir fatlað fólk auk þess sem unnið verði markvisst að því að opna almenna íbúðakerfið fyrir uppbyggingu í þágu eldra fólks.

Áherslur sambandsins varðandi húsnæðisstuðning

Áhersla er lögð á að byggja upp fjölbreyttra búsetukosti fyrir fatlað fólk og eldri íbúa.

Uppsöfnuð stofnframlög verði eyrnamerkt átaki í uppbyggingu húsnæðis fyrir fatlað fólk.

Unnið verði markvisst að því að opna almenna íbúðakerfið fyrir uppbyggingu í þágu eldra fólks.

Lokaorð

Sambandið hefur oft í sínum umsögnum bent á hversu flókin framsetning fjárlagafrumvarpa er og hversu erfitt er að gera sér grein fyrir fjármögnun verkefna. Full ástæða er til að taka til skoðunar einfaldara og gegnsærri framsetningu. Að þessu sinni hefur gefist óvenju skammur tími til að rýna frumvarpið og brjóta það til mergjar. Af þeirri ástæðu áskilur sambandið sér rétt til að koma að frekari ábendingum síðar.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri